

Föstudaginn 17. október 1980.

Nr. 4/1979. **Sveinn Aðalsteinsson**  
 gegn  
**Þórarni Steingrímssyni.**

Hafning máls. Málskostnaður.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 5. janúar 1979. Við munnlegan flutning máls þessa hér fyrir dómi óskaði áfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður. Stefndi samþykkti það, en krafðist málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Málið er fellt niður, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 250.000 krónur.

#### **D ó m s o r ð :**

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Sveinn Aðalsteinsson, greiði stefnda, Þórarni Steingrímssyni, 250.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 21. október 1980.

Nr. 195/1980. **Ákærvaldið**  
 gegn  
**Erni Sigfússyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. þ. m., sem barst Hæstarétti 17. þ. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði úr gildi felldur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

### D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum

16. október 1980.

Ár 1980, fimmtudaginn 16. október, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

#### Málsatvik.

Þann 25. sept. sl. handtók lögreglan í Reykjavík Örn Sigfússon, fæddan 27. júní 1958, grunaðan um fíkniefnamisferli.

Áðurnefndur Örn var næsta dag hér fyrir dómi úrskurðaður í gæsluvarðhald í allt að 20 dögum, þannig að hinn afmarkaði tími rennur út innan stundar. Örn Sigfússon hefur fyrr í dag viðurkennt að hafa átt þau 26.8 gr af hassdufti, sem í hans fórum fundust við ofangreinda handtöku.

Þess utan kveðst Örn þessi einungis hafa keypt örfá gr af hassi til eigin nota, er færi gáfust.

Eftirfarandi liggur hins vegar fyrir gögnum máls samkvæmt um meint fíkniefnamisferli Arnar Sigfússonar.

1) Þann 13. ágúst sl. mætti hjá lögreglu ónafngreindur upplýsingaaðili og kvaðst um 3 vikum fyrr í forstofugangi að Sóleyjargötu 19 hér í borg hafa séð stóran plastpoka, sem innihélt 1—2 kg af marihuana.

Á nefndum tíma var Sóleyjargata 19 lögheimili og dvalarstaður Arnar Sigfússonar.

2) Þann 6. ágúst sl. bar Þorbergur Magnússon, fæddur 5. júlí 1957, í lögregluyfirheyrslu að hafa í byrjun júní sl. af Erni Sigfússyni, þá búandi að Sóleyjargötu 19, keypt tæp 20 gr af hassi,

sennilega blönduðu PCP, og um svipað leyti af sama aðilja 1½ gr af cocaini á kr. 150.000 pr. gr.

3) Sigurður Jóhannsson, fæddur 2. október 1950, bar hér fyrir dómi þann 26. sept. sl. að hafa í mörgum afhendingum næstu vikur á undan af Erni Sigfússyni samtals keypt 40—50 gr af hassi og síðasta afhending, eða 10 gr, orðið fáum dögum fyrir yfirheyrslu.

4) Ingimundur Sigfússon, fæddur 2. sept. 1962, bar í lögreglu-yfirheyrslu 29. sept. sl. að hafa snemma í ágúst sl. verið viðstaddur, er Örn Sigfússon vigtaði talsvert magn af ljósbrúnu hassdufti, er muni hafa verið 400 eða 500 gr samtals.

5) Róbert Carsis, fæddur 25. janúar 1964, bar í lögreglu-yfirheyrslu 28. sept. sl. að hafa næstu vikur þar á undan ítrekað af Erni Sigfússyni keypt lítilræði af hassefnum og við eitt slíkt tækifæri í fórum Arnar Sigfússonar séð „nokkuð stóran plastpoka“, er hafi verið „nær fullur af hassdufti“. Meðal viðstaddra hafi verið Sigurður Jóhannsson.

Nefndur Sigurður hefur sjálfstætt stutt áður nefndan framburð Róberts Carsis.

6) Guðmundur Böðvarsson, nú gæslufangi, fæddur 1. sept. 1958, lýsti í lögreglu-yfirheyrslu 13. október sl. að hafa í júlí sl. skipulagt ásamt Erni Sigfússyni hasskaupferð, er sá síðarnefndi fór til Spánar. Heildarfjárframlög til farar hafi verið um 2.000.000 ísl. kr. og Guðmundur Böðvarsson þar af lagt til 600—700 þús., en Örn Sigfússon afgang eða ofangreindan mismun.

Guðmundur Böðvarsson ber, að Örn Sigfússon hafi úr greindri ferð flutt hingað til lands 440 gr af hassdufti, er skipt hafi verið því sem næst til helminga milli ofangreindra félaga og hvor af sínum hluta verulega selt.

Þess utan bar Guðmundur þessi um minni háttar tilvik, þar sem Guðmundur hefði ýmist selt Erni Sigfússyni eða Örn Guðmundi.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað Örn Sigfússon fangelsisrefsingu og ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 því ekki til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Með vísan til þess auk annars ofanritaðs og loks 1. mgr., 1. tölul., 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls nauðsyn til bera, að Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, sæti gæsluvarðhaldi, sem hæfilega telst afmarkað sem allt að 15 dögum.

## Úrskurðarorð:

Örn Sigfússon, fæddur 27. júní 1958, til heimilis að Hverfisgötu 78, Reykjavík, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 15 dögum.

Þriðjudaginn 21. október 1980.

Nr. 74/1978. **Ingimar Eydal og  
Brunabótafélag Íslands**  
(Ragnar Steinbergsson hrl.)  
gegn  
**dánarbúi Jóns Þórs Egilssonar**  
(Gunnar M. Guðmundsson hrl.).

Bifreiðaárekstur. Umferðarlög. Útivist. Hafning máls.  
Sératkvæði.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. apríl 1978, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. mars s. á. Áfrýjandi Ingimar Eydal krefst þess aðallega, að hann verði með öllu sýknaður af kröfum stefnda, en til vara, að sök á árekstri þeim, sem um er fjallað í málinu, verði skipt og stefndi talinn eiga meginsök. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Brunabótafélag Íslands greiddi dómskuldina samkvæmt héraðsdómi hinn 30. mars 1978. Það hefur engar kröfur gert í málinu, og varð útivist af þess hendi undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti. Vegna útivistarinnar verður málið fellt niður að því er félagið varðar.

Stefndi krefst þess, „að staðfest verði ákvæði hins áfrýjanda dóms um sök áfrýjandans Ingimars Eydal og fébóta-ábyrgð áfrýjendanna beggja á bifreiðaárekstri þeim, er mál-